

Skipulag Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Garðabær 30. nóvember 2021
HP, PS K-17300

Umsögnin er send á netfangið skipulag@kopavogur.is
B.t. Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur skipulagsfulltrúa

Varðar:

*Fossvallarétt. Ný lögrétt
innan afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í landi Kópavogs*
(Áformuð er færsla á fjárrétt við Suðurlandsveg í landi Kópavogs.
Rétt sem er sunnan Suðurlandsvegar verði aflögð og ný gerð norðan vegar.)

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var þann 29. nóvember 2021 var lagt fram bréf frá Auði Dagnýju Kristinsdóttur skipulagsfulltrúa hjá skipulaginu í Kópavogi dags. 05.11.2021, þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd veiti umsögn um um áform um færslu Fossvallaréttar eða gerð nýrrar lögréttar. Bæði Fossvallarétt og áformuð rétt eru á fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Eftirfarandi var bókað.

„Standi vilji aðila máls til að gera nýja lögrétt vegna sauðfjárhalds á höfuðborgarsvæðinu mun Heilbrigðisnefnd ekki leggja gegn boðaðri framkvæmd. Nefndin telur þó að kanna hefði átt betur hvort finna mætti réttinni annan stað og þá helst utan vatnsverndarsvæðisins. Nefndin minnir einnig á með vísan til samþykktar 555/2015 að framkvæmdir í tengslum við gerð réttar, þ.e. bæði lagning vegar, bílastæða, gerð undirlags (malarpúða) og réttarsmíð, er leyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd.“

Greinagerð.

Fram kemur í skipulagsfulltrúa að staðsetning lögréttar við Fossvelli sé óheppileg vegna Suðurlandsvegar. Reka þarf sauðféð yfir veginn með tilheyrandi truflunum. Þá mun vera uppi áform um að færa beitarhólfsgirðinguna í annað girðingarstæði sem ætlað er að verði betur fjárhelt en núverandi girðing. Sauðfé hefur á undangengnum árum átt of greiða leið út úr hólfinu að Suðurlandsvegi og niður í Lækjarbotna. Aðgerðir sem draga úr slysaþættu og ágengni sauðfjár í Lækjarbotnum er til bóta

Gerð nýrrar réttar er umtalsverð framkvæmd. Gerð vegar eða lagfæring á slóða að réttarsvæðinu er töluverð aðgerð auk þess sem ætlað er að á bilinu 700 til 1000 rúmmetra malarefnis þurfi í gerð undirlags undir rétt, bílastæði og akstursleiðir við réttina. Við verkið þurfa jarðvegsverktakar að nýta gröfur og ýtur. Þá er nokkur smíða- og málningarvinna ótalin með tilheyrandi efnisflutningum.


Áformuð staðsetning er á fjarsvæði vatnsverndar, nærri grannsvæði núverandi og framtíðar vatnsbólum. Árið 2014, ári áður en núgildandi samþykkt fyrir vatnsverndarsvæði



höfuðborgarsvæðisins tók gildi (555/2015), veitti heilbrigðisnefnd jákvæða umsögn um ofangreind áform. Litið var til umferðaröryggis þegar nefndin veitti sína umsögn. En hafa má í huga að þá lá ekki fyrir hversu mikil þessa framkvæmd í raun er og að ákvæði í fyrri samþykkt voru mun veikari en í núverandi.

Eins og fram kemur í bókun heilbrigðisnefndar þá hefði hún kosið að nýrri rétt væri fundinn annar staður fjær grannsvæði vatnsbóla og þá helst utan vatnsverndarsvæðisins. En nefndin ákvað að breyta ekki frá fyrri umsögn og leggst því ekki gegn þessum áformum. Nefndin áréttaði hins vegar að öll framkvæmdin, lagfæringar og gerð slóða, bílastæða, og gerð undirlags og smíði réttar er leyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd.

F.h. heilbrigðisnefndar



Páll Stefánsson
deildarstjóri